

Saman gegn ofbeldi

Samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Kvennaathvarfisins og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu



Samantekt um upphaf verkefnisins, skipulag, gang þess, tölfræði og útgáfur.

Innihald

Upphaf verkefnisins Saman gegn ofbeldi	1
Ferlið, í stuttu máli, þegar það eru útköll.....	1
Fjármál	2
Börn og heimilisofbeldi	2
Skýrslur og tillögur starfshópa	2
Fatlað fólk og ofbeldi.....	2
Innflytjendur og ofbeldi	3
Hinsegin fólk og ofbeldi.....	3
Fræðsla á vegum verkefnisins	3
Ráðstefna á vegum Saman gegn ofbeldi	4
Útgáfa á vegum verkefnisins	4
Saman gegn ofbeldi – bæklingur.....	4
Áhrif heimilisofbeldis á börn	4
Við hjálpum, „nafnspjöld“	4
Við og börnin okkar	5
Hvað gerðist?	5
Plakat.....	6
Upplýsingar á vef borgarinnar.....	6
Tölulegar upplýsingar um heimilisofbeldi í Reykjavík	6
Mat á verkefninu	12
Lokaorð	13

Upphaf verkefnisins *Saman gegn ofbeldi*

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 1. apríl 2014 að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi. Samkvæmt tillögnum skyldi stuðla að auknu samstarfi, þekkingarmiðlun og bættu verklagi í heimilisofbeldismálum. Sérstaklega skyldi horfa til þess árangurs sem náðst hefði á Suðurnesjum. Einnig var samþykkt viðaukatillaga um að skoða skyldi sérstaklega hvernig best væri að aðstoða fatlaðar konur og konur af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi.

Borgarráði var falið að vísa tillögnum til viðeigandi stofnana til að gera verk- og kostnaðaráætlun¹. Borgarráð fól í kjölfarið mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar að leggja grunn að verkefninu og sjá um framkvæmd þess. Mannréttindaskrifstofan skilaði greinargerð, tillögum og kostnaðaráætlun 15. október 2014 og 12. janúar 2015 skrifuðu borgarstjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu undir samstarfssamning um átak gegn heimilisofbeldi.

Markmið samstarfsins var að bæta verklag í heimilisofbeldismálum í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Verkefnið hófst strax og kallast ***Saman gegn ofbeldi***.

Verkefninu er stýrt af verkefnisstjórn sem í eiga sæti tveir fulltrúar frá lögreglunni, einn frá velferðarsviði, einn frá barnavernd, einn frá mannréttindaskrifstofu, einn frá heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu og einn frá Kvennaathvarfinu. Umsjón verkefnisins er á höndum mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og er verkefnisstjóri þess starfskona hennar.

Ferlið, í stuttu máli, þegar það eru útköll

- Hringt er í 112. Ef það er útkall vegna heimilisofbeldis kemur lögreglan á staðinn og það eru kallaðir til ráðgjafar til að styðja við brotþola. Ef það er barn eða börn á staðnum þá kemur einnig starfsmaður barnaverndar Reykjavíkurborgar á staðinn til að styðja við barnið/börnin.
- Símtal við brotþola næsta virka dag.
- Heimsókn lögreglu og ráðgjafa innan viku. Félagsráðgjafi þjónustumiðstöðvar ber ábyrgð á að það sé farið í þessa heimsókn.
- Ráðgjöf og aðstoð á þjónustumiðstöð.
- Gerandi hvattur til að sækja sér meðferð.

Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu.

Rétt er að taka fram að sum heimilisofbeldismál eiga upphaf sitt þegar fólk kemur á lögreglustöð til að tilkynna ofbeldi eða fram kemur í viðtölum við félagsráðgjafa að viðkomandi búi við heimilisofbeldi svo dæmi sé tekið. Þetta verklag lýtur fyrst og fremst að útköllum og þjónustu í kjölfar þeirra.

¹ Samþykkt borgarráðs 1. apríl 2014.

Fjármál

Tafla 1 sýnir þær fjárheimildir sem verkefnið hefur fengið frá því að það var sett á fót. Stærsti hluti kostnaðar er vegna bakvakta og útkalla félagsráðgjafa. Það fjármagn sem ekki er nýtt í verkefninu rennur aftur í borgarsjóð.

Tafla 1.

Kostn.st	Ár	Fjárhæð	Esk. áætlun (B)	Frávik frá endsk áætt
09526 - Aðgerðir gegn heimilisofbeldi	2015	35.238.133	45.500.000	-10.261.867
	2016	40.913.057	44.817.000	-3.903.943
	2017	42.826.985	44.790.000	-1.963.015
	2018	43.411.297	44.842.492	-1.431.195
	2019		44.873.540	

Börn og heimilisofbeldi

Í verkefninu er lögð sérstök áhersla á hópa sem eru í viðkvæmri stöðu m.a. börn. Auk félagsráðgjafa velferðarsviðs fer starfsfólk barnaverndar í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið með viðtölum sálfræðings sem geta verið allt frá einu upp í tíu viðtöl eftir því sem þurfa þykir hverju sinni. Jafnvel þótt börn verði ekki sjálf fyrir líkamlegu ofbeldi fara þau ekki varhluta af því. Þau börn sem búa á heimilum þar sem heimilisofbeldi á sér stað sýna sömu einkenni kvíða og þunglyndis og börn sem sjálf hafa orðið fyrir ofbeldi og íslenskar rannsóknir sýna að börn sem búa við heimilisofbeldi vita alltaf af ofbeldinu þrátt fyrir að foreldrar/forsjáraðilar telji sér trú um annað. Rétt er að vekja athygli á því að ef foreldrar/forsjáraðilar þiggja ekki viðtalsmeðferð fyrir börn sín þá er hún ekki veitt.

Skýrslur og tillögur starfshópa

Settir hafa verið á fót þrjár starfshópar til að setja fram tillögur um það hvernig betur megi þjónusta ákveðna hópa sem verða fyrir heimilisofbeldi og hvernig sé hægt að vekja athygli á sérstöðu þeirra. Hér á eftir eru upplýsingar um vinnuhópana.

Vinnuhópur um ofbeldi og aldraða mun hefja störf í vetur (2019).

Fatlað fólk og ofbeldi

Settur var á fót starfshópur sem hafði það hlutverk að finna leiðir til að sporna gegn heimilisofbeldi sem fatlað fólk verður fyrir. Í hópnum átti sæti fatlað fólk og einstaklingar sem eru með þekkingu á málefnum út frá ólíkum sjónarhornum.

Hópurinn skilaði skýrslu og tillögum 16. febrúar 2015 sem má finna [á vefsíðu borgarinnar](#).

Til þess að sporna gegn ofbeldi gagnvart fötluðu fólki hefur mannréttindaskrifstofa haldið fræðslu fyrir allt starfsfólk á búsetukjörnum, sambýlum og í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu um ofbeldi og fatlað fólk en starfshópurinn lagði áherslu á að það yrði gert. Einnig hefur verið gefinn út myndrænn bæklingur **Hvað gerðist?** sem hentar sérstaklega vel fyrir fólk með þroskahömlun og/eða einhverfu og

hefur bæklingnum verið dreift til starfsstaða þar sem unnið er með fötluðu fólki en hann er einnig á vefsíðu borgarinnar.

Að lokum hafa, í samráði við velferðarsvið, verið útbúnir verkferlar í þeim málum þegar grunur vaknar um ofbeldisbrot starfsmanns gagnvart fötluðum einstaklingi. Verkferlarnir eru fyrir alla búsetukjarna, sambýli og skammtíma vistarir ásamt vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu í Gylfaflöt og lðjubergi.

Búið er að vinna rafrænt fræðsluefni um fatlað fólk og ofbeldi en verið er að prófa það. Ætlunin er að allt starfsfólk sem ráðið er til að vinna með fötluðu fólki tileinki sér fræðsluefnið og svari spurningum úr því.

Innflytjendur og ofbeldi

Á síðasta ári, 2018, voru 65% kvenna sem dvöldu í Kvænnaathvarfinu af erlendum uppruna sem er hærra hlutfall en nokkru sinni áður og langtum hærra en hlutfall kvenna af erlendum uppruna á Íslandi en konur með erlent ríkisfang eru 9,3% íbúa.

Innflytjendur hafa oft ekki sama stuðningsnet og Íslendingar s.s. fjölskyldu og vini. Eins vita þeir kannski ekki hvar þeir geta leitað aðstoðar og í einhverjum tilvikum eru brotaþolar fjárhagslega háðir maka sínum.

Skipaður var starfshópur til að finna leiðir til að ná til innflytjenda með upplýsingar um ofbeldi og kortleggja hvert sé hægt að leita verði viðkomandi fyrir ofbeldi. [Tillögur hópsins eru á vefsíðu borgarinnar.](#)

Lögð hefur verið áhersla á að bæta upplýsingar til innflytjenda og nýta túlkun með markvissari hætti en áður.

Hinsegin fólk og ofbeldi

Í verkefninu **Saman gegn ofbeldi** hefur einnig ofbeldi og hinsegin fólk verið til skoðunar og setti starfshópur fram tillögur um leiðir til að sporna gegn því. Í starfshópnum var einvörðungu fólk sem er hluti af hinsegin samfélaginu. Verið er að vinna eftir þeim tillögum sem settar voru fram. Tillögurnar lutu m.a. að fræðslu til þjónustuveitanda um hinsegin fólk og heimilisofbeldi, aukinn sýnileika og umræðu í samvinnu við hagsmunasamtök hinsegin fólks. Komið hefur verið á góðri samvinnu við Samtökin '78 og hefur stjórnarfolk þar og fræðslufulltrúi fengið fræðslu um verkefnið. Haldið var erindi á Hinsegin dögum um heimilisofbeldi og hinsegin fólk. Búið er að fara á flestar þjónstumiðstöðvar Reykjavíkurborgar með fræðslu um heimilisofbeldi og hinsegin fólk. Eftir hverja fræðslu er komið á einum tengilið inni á hverri þjónstumiðstöð sem hefur þekkingu og reynslu af hinsegin samfélaginu og ber sérstaka ábyrgð á þessum málaflokki. Einnig er verið að fara á allar lögreglustöðvarnar í Reykjavík með fræðslu um þetta efni. [Tillögurnar eru á vefsíðu Reykjavíkurborgar.](#)

Fræðsla á vegum verkefnisins

Fræðslufundir hafa verið haldnir með þátttakendum í verkefninu, þ.e. með félagsráðgjöfunum sem fara í útköll og sálfræðingunum sem sjá um viðtöl við börn sem búa við heimilisofbeldi, verkefnisstjórn Saman gegn ofbeldi og teymið á velferðarsviði sem kemur að verkefninu. Lögreglunni hefur einnig verið boðið að taka þátt í fræðslufundum þegar það hefur átt við. Fræðslan hefur verið um markmið

verkefnisins, um tölfraeðina sem safnað er, um þá meðferð sem býðst gerendum, um túlkun, um nýtingu á símatúlkun og fleira. Þátttakendum var einnig boðið á leiksýninguna Suss, sem fjallaði um heimilisofbeldi og er eftir samnefndan leikhóp og á bíósýningu þar sem Svínastían eftir Pernillu August var sýnd en myndin fjallar um áhrif heimilisofbeldis á börn. Eftir sýninguna voru haldin örerindi og svo voru umræður.

Ráðstefna á vegum Saman gegn ofbeldi

Í maí 2016 var haldin ráðstefna um heimilisofbeldi á vegum verkefnisins. Þar fjallaði Dr. Berglind Guðmundsdóttir um afleiðingar ofbeldis í nánnum samböndum og Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur fjallaði um meðferð fyrir gerendur en hann starfar hjá **Heimilisfriði** sem er meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín Pálsdóttir frá RIKK, rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands, kynntu mat á verkefninu Saman gegn ofbeldi.

Skúli Jónsson og María Gunnarsdóttir fjölluðu um reynsluna af sambærilegu verkefni á Suðurnesjum sem farið var í eftir að í ljós kom að meira var um heimilisofbeldi á því landsvæði en annars staðar. Það verkefni varð síðan fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög og lögregluumdæmi.

Að lokum voru sagðar stuttar reynslusögur af vettvangi. Þar stigu á stökk Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, starfskona Kvennaathvarfsins og sérfræðingur Barnaverndar sem og félagsráðgjafi á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Verkefnisstjóri og fulltrúar í verkefnisstjórn hafa einnig verið með fjölmarga fræðslufundi fyrir starfsfólk borgarinnar, önnur sveitarfélög, erlenda gesti og fjallað um efnið á ráðstefnum innan lands sem utan.

Útgáfa á vegum verkefnisins

Samán gegn ofbeldi – bæklingur

Þetta er bæklingur um birtingarmyndir heimilisofbeldis, þar er að finna upplýsingar um það hvar er hægt að leita sér aðstoðar og í honum eru upplýsingar um vinnulagið í verkefninu. Þar er einnig fjallað um börn og ofbeldi, innflytjendur og ofbeldi, fatlað fólk og ofbeldi, konur á meðgöngu og ofbeldi og hinsegin fólk og ofbeldi. [Bæklingurinn er á íslensku, ensku og pólsku.](#) Hann er á vefsíðu borgarinnar og er einnig til prentaður.



Áhrif heimilisofbeldis á börn



Bæklingurinn er um áhrif heimilisofbeldis á börn. Hann er skrifaður af sálfræðingum Barnaverndar Reykjavíkur og gefinn út af verkefninu **Samán gegn ofbeldi**. Hann er samhlíða á tveimur tungumálum, íslensku og ensku, og er útgefinn en er einnig að finna á [vefsíðu borgarinnar](#).

Við hjálpum, „nafnspjöld“

Velferðarráðuneytið gaf út handhægt kort í sömu stærð og nafnspjald með fyrirsögninni; „Við hjálpum“. Reykjavíkurborg fékk leyfi til að nota það og hefur upplýsingum um þjónustumiðstöðvar borgarinnar verið bætt við. Kortið er á fimm tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku. Á kortinu

eru upplýsingar sem nýtast brotaþolum og gerendum. Kortinu er ætlað að leiðbeina konum sem þurfa aðstoð vegna ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis um hvar þær geta leitað sér hjálpar.

Við og börnin okkar



Reykjavíkurborg gaf út bæklinginn *Við og börnin okkar* 2014 með styrk frá velferðarráðuneytinu. Bæklingurinn inniheldur upplýsingar til foreldra um barnauppleði, foreldrahlutverkið og annað sem viðkemur skyldum foreldra og réttindum barna. Bæklingurinn var uppfærður af verkefnisstjóra **Saman gegn ofbeldi** og sérfræðingum í innflytjendamálum á mannréttindaskrifstofu 2018. Bæklingurinn er aðgengilegur í rafrænni útgáfu á vefsíðu borgarinnar á [íslensku og ensku](#) og [íslensku og pólsku](#).

Hvað gerðist?

Þetta er bæklingur sem er ætlað að mæta þörfum fatlaðs fólks sem beitt hefur verið ofbeldi eða grunur leikur á að beitt hafi verið ofbeldi. Það getur verið erfitt fyrir fatlaða einstaklinga að greina frá ofbeldi og er bæklingurinn verkfæri til að auðvelda samtal um það. Hægt að nýta hann til þess að spyrja út í hvað hafi gerst, hvernig viðkomandi líði og til að vekja athygli á því hvernig og hvar hægt sé að leita sér aðstoðar.



Bæklingurinn sýnir ýmis tákni sem auðvelda þólanda að segja frá. Hér eru tákni um mögulegan geranda.

Bæklingurinn getur nýst ýmsum hópum fatlaðs fólks, svo sem fólki með þroskahömlun, einhverfu eða öðrum sem notast við fleiri og/eða aðra tjáningarmáta en talað mál. Honum hefur verið dreift til allra sambýla og búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Reykjavík sem og til allra þjónustumiðstöðva í borginni. Bæklingurinn er prentaður til að auðvelda notkun í viðtölum en er einnig á [vef borgarinnar](#) og vef Stígamóta.

Plakat



Hannað og prentað var plakat til að hengja upp á þjónustumiðstöðvum borgarinnar, lögreglustöðvum og heilsugæslustöðvum.

Plakatinu er ætlað að sýna að á þessum stöðum sé talað um ofbeldi og boðin aðstoð ef fólk þarf á að halda. Plakatið auðveldar einnig starfsfólki að hefja samtal um ofbeldi.

Upplýsingar á vef borgarinnar


Það hefur verið lögð áhersla á að hafa upplýsingar á vef borgarinnar fyrir brotapolá, hvert þeir geti leitað og um birtingarmyndir ofbeldis. Þessar upplýsingar eru á íslensku, ensku og auðskildu máli.

Tölulegar upplýsingar um heimilisofbeldi í Reykjavík

Tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík frá upphafi verkefnisins er [að finna á vef borgarinnar](#). Upplýsingarnar eru annars vegar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Upplýsingarnar eru uppfærðar mánaðarlega.


Vakin er athygli á að í tölfræði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þessi munur er fyrst og fremst vegna tveggja þátta. Annars vegar koma brotapolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda og þeir vilja ekki alltaf þiggja þessa þjónustu. Tölfræði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en húsráðendur vilja þiggja aðstoð.

Verkefnið hófst í janúar 2015. Á því ári varð strax mikil fjölgun útkalla hjá lögreglunni vegna heimilisofbeldis í Reykjavík eða næstum helming aukning. Ástæðan fyrir þessari miklu fjölgun er fyrst og fremst þríþætt. Ríkislögreglustjóri breytti skilgreiningu á heimilisofbeldi þannig að það náði yfir fleira en það gerði áður, verklag var bætt sem skapaði tiltrú almennings og skráning var bætt. Útköllum fjölgaði fyrstu þrjú árin en á síðasta ári, 2018, fækkar útköllunum lítillega í Reykjavík, sjá mynd 1.




Mynd 1.

Eftir að nýtt verklag var tekið upp fara, eins og áður segir, félagsráðgjafar á þjónustumiðstöðvunum og starfsfólk Barnaverndar í útköll í krafti barnaverndarlaga þegar börn eru á heimilinu. Félagsráðgjafar eru einnig kallaðir til þó að börn séu ekki á heimilinu ef fólk þiggur þá aðstoð og stuðning en afþakki fólk hefur borgin ekki heimild til að stíga inn. Fjöldi útkalla jókst þar til á síðasta ári en þá fækkaði þeim um 11 frá árinu á undan.




Mynd 2.

Fjöldi kvenna sem eru í dvöl í Kvennaathvarfinu jókst á tímabilinu, fyrir utan árið 2016 þegar konum í dvöl fækkar um 10 frá árinu áður. Á síðasta ári, 2018, fækkar konum í dvöl hins vegar um 14 frá árinu áður, sjá mynd 3. Þetta eru konur sem dvelja í athvarfinu en mun fleiri sækja þangað ráðgjöf og stuðning. Einnig dvelur fjöldi barna í athvarfinu á hverjum tíma, árið 2017 komu 103 börn í dvöl í athvarfinu.




Mynd 3.

Þegar þetta er skrifað eru komnar upplýsingar um útköll lögreglu og velferðarsviðs fyrstu tvo mánuði ársins 2019. Á mynd 4 eru fjöldatölur milli árána 2018 og 2019 bornar saman og fjölga útköllum lögreglunnar í Reykjavík um 14 milli ára í janúarmánuði. Í febrúarmánuði fækkar útköllum lögreglu hins vegar um 17 á milli ára. Ekki er mikil breyting á fjölda útkalla borgarinnar í þessum tveimur mánuðum á milli ára.




Mynd 4.

Reykjavík safnar og birtir kyngreind gögn um fjölda brotaþola og gerenda eftir kyni. Hlutfallið kynja er svipað milli ára. Konur eru brotaþolar í 82-85% útkalla en karlar í 15-18% útkalla. Karlar eru gerendur í 82-87% tilvika en konur í 13-18% tilvika, sjá mynd 5 og 6.



Mynd 5.




Mynd 6.


Hlutfall bæði brotþola og gerenda í hópi innflytjenda er mun hærra en hlutfall hópsins er af íbúum Reykjavíkur. Mynd 7 sýnir fjölda brotþola eftir kyni og hvort þeir eru íslenskir eða erlendir. Konum með erlendan ríkisborgararétt sem eru brotþolar fækkar um 11 milli 2017 og 2018. Annað sem vekur athygli er að íslenskum körlum sem eru brotþolar fjölga um átta.

Í útköllum sem velferðarsvið fór í á árinu 2018 voru 21% af brotþolum í hópi kvenna með erlent ríkisfang og 13% af körlum með erlent ríkisfang sem voru brotþolar. Hlutfall kvenna með erlent ríkisfang í Reykjavík er 10,4% og karla 14,3%. Þannig er hlutfall brotþola í hópi erlendra kvenna mun hærra en hlutfall þeirra í borginni. Hlutfall í hópi gerenda í Reykjavík með erlent ríkisfang er einnig hærra en hlutfall þeirra í borginni ætti að gefa til kynna.

Mynd 8 sýnir fjölda gerenda eftir kyni og hvort þeir eru íslenskir eða erlendir. Í útköllum velferðarsviðs 2018 var 25% gerenda í hópi kvenna með erlent ríkisfang og 20% karla.




Mynd 7.



Mynd 8.

Flestir brotþolar eru á aldersbilinu 30 til 39 ára og breytist það ekki á milli ára.



Mynd 9.

Öll árin sem verkefnið hefur verið starfrækt verða flestir fyrir ofbeldi af hálfu maka eða kærasta/kærustu, sjá mynd 10. Rétt er að vekja athygli á því að næst fjölmennasti hópurinn er börn í garð foreldra og skal tekið fram að hér er um börn á ýmsum aldri að ræða þ.e. þau eru alltaf börn foreldra þótt þau hafi náð fullorðinsaldri. Í töflu 2 má sjá fjölda þeirra tilvika þegar börn beita foreldra sína ofbeldi frá því að verkefnið hófst. Einnig er tekinn saman fjöldi þeirra sem eru annars vegar yngri en 18 ára og hins vegar eldri en 18 ára þ.e. annars vegar sá hópur sem fellur undir barnaverndarlögin og hins vegar þau sem ekki gera það vegna þess að þau eru 18 ára eða eldri.

Tafla 2


Ofbeldi af hendi barns í garð foreldris árin 2015-2018, fjöldi

Aldur geranda	2015	2016	2017	2018
Yngri en 13 ára	0	0	0	2
13-15 ára	2	6	11	13
16-17	4	4	9	11
18-20	5	3	4	6
21-24	12	1	5	11
25 ára og eldri	4	9	3	9
Samtals	27	23	32	52

Fjöldi yngri en 18 ára og eldri en 18 ára

Yngri en 18	6	10	20	26
Eldri en 18	21	13	12	26
Samtals	27	23	32	52


Flokkurinn sem er í þriðja sæti hvað fjölda varðar eru fyrrverandi makar eða kærastar/kærustur. Það segir okkur að þrátt fyrir að brotþoli slíti sambandi við geranda þá heldur ofbeldið oft áfram.



Mynd 10.

Þegar horft er til fjölskyldugerðar brotþola þá verða einstæðar mæður oftast fyrir ofbeldi eins og sjá má á skífuritinu hér fyrir neðan. Hvernig brotþolar dreifast eftir fjölskyldugerð breytist lítið frá ári til árs.

Fjöldi brotþola eftir fjölskyldugerð í útköllum velferðarsviðs 2018



Mynd 11.

Í þau fjögur ár sem Reykjavíkurborg hefur safnað upplýsingum um heimilisofbeldi þá eru börn á vettvangi í útkalli í 58 til 66% tilvika og með lögheimili í 68 til 71% tilvika.

Tafla 3. Hlutfall barna á vettvangi í útköllum og með lögheimili á vettvangi.

Ár	Börn á vettvangi	Börn með lögheimili á vettvangi
2015	62%	71%
2016	67%	71%
2017	66%	68%
2018	58%	68%

Tölulegar upplýsingar um verkefnið eru birtar í hverjum mánuði á vefsvæði borgarinnar, [bæði upplýsingar frá lögreglu og Reykjavíkurborg](#).

Mat á verkefninu

Unnið var áfangamat á verkefninu af RIKK-Rannsóknarstofnun í jafnréttisfræðum og var það birt í október 2016. Matið byggði m.a. á djúpvíðtölum við þolendur, viðtölum við lykilstarfsfólk og rýnihópa lögreglu og starfsfólks þjónustumiðstöðva borgarinnar og barnaverndar Reykjavíkur. Í matinu kom fram að lögreglunni finnst mikill kostur að hafa félagsráðgjafa með í útköllum vegna heimilisofbeldismála og félagsráðgjafarnir bera virðingu fyrir störfum lögreglunnar við erfiðar aðstæður. Þá kom einnig fram að mikil ánægja var með starf Barnaverndar Reykjavíkur á vettvangi en sérfræðingar á vegum Barnaverndar sinna börnum á vettvangi. Fram kom einnig að miklu hefur verið áorkað, verklag bætt, og þekkingar aflað m.a. er tölfraði safnað sem er mikilvægt til að geta metið stöðu mála út frá staðreyndum

Í matinu er einnig að finna tillögur til úrbóta s.s. að bæta eftirfylgni mála. [Matið er á vefsíðu borgarinnar.](#)

Lokaorð

Verkefnið **Saman gegn ofbeldi** hefur mætt miklum stuðningi kjörinna fulltrúa og starfsfólks borgarinnar. Í upphafi var því hleypt af stokkunum sem átaksverkefni en er nú verklag sem hefur verið fest í sessi. Sá góði árangur sem hefur náðst, sbr. úttekt RIKK, má m.a. þakka þéttnu og góðu samstarfi þeirra aðila sem koma að verkefninu. Það er mikilvægt fyrir alla að missa aldrei sjónar á takmarkinu; að útrýma ofbeldi til hagsbóta fyrir alla.

Reynsla ýmissa annarra landa sem hafa breytt verklagi hefur sýnt að fyrstu fimm árin þá fjölga útköllum vegna heimilisofbeldis en fer síðan fækkandi eftir það. Útköllum virðist vera að fækka hér á fjórða árinu. Það er ljóst að útrýming ofbeldis næst ekki nema með samstilltu átaki og forvarnarvinna og leiðir sem farnar eru til að bregðast við þegar ofbeldi á sér stað þurfa að vera í stöðugri þróun.

Leggja þarf áherslu á skilvirkt verklag sem felur í sér góða þjónustu við brotaþola og börn og möguleika á meðferð fyrir gerendur, senda þarf skilaboð um að ofbeldi sé ólíðandi, bæta þarf lagasetningu og allir sem koma að ofbeldismálum þurfa að vinna þétt saman og af heilindum. Síðast en ekki síst þarf að ná jafnrétti á öllum sviðum því samfélag sem greiðir konum lægri laun fyrir sömu eða sambærilega vinnu en körlum, lætur klám, vændi og hatursorðræðu í garð kvenna og jaðarhópa viðgangast og lítur framhjá mansali er ekki samfélag þar sem jafnrétti ríkir. Þar sem ójöfnuður ríkir, þar þrífst ofbeldi.

Saman gegn ofbeldi